



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

559. stjórnarfundur 18. febrúar 2021 kl. 18:00

Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Birgir Már Bragason, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Björg Hafsteinsdóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá ÍSÍ, Lífshlaupið.

Fundargerð BUR.

Tölvupóstur frá UMFÍ. Fræðslu- og verkefnasjóður veitir lengri frest til að sækja úthlutaða styrki úr sjóðnum 2020 eða 24 mánuðir í stað 12 mánaða, gildir aðeins fyrir úthlutun 2020.

Tölvupóstur frá UMFÍ. Stjórn UMFÍ samþykkti beiðni aðalstjórnar um að heiðra okkar féлага.

Tölvupóstur frá ÍSÍ, fréttabréf.

Tölvupóstur frá ÍSÍ, starfsskýrsluskil.

Tölvupóstur frá ÍSÍ, starfsskýrsluskil, ýmis atriði varðandi útfyllingu.

UMFÍ sendi tímaritið Skinfaxa.

3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir og ráð.

Bréf sent á bæjarstjórn og íþrótt- og tómstundaráð Reykjanesbæjar vegna niðurfellingar á fasteignagjöldum á Hringbraut 108.

Bréf sent fyrir hönd fimleikadeildar. Beiðni um styrk vegna fimleika fyrir börn með sérþarfir.

4. Aðalfundur félagsins

Aðalfundur Keflavíkur verður þriðjudaginn 23. febrúar kl. 19:00. Engin boðskort verða send út né boðið upp á veitingar vegna fjöldatakmarkana í ljósi Covid 19. Fulltrúi UMFÍ mun mæta og heiðra okkar fólk. Getum tekið á móti 40 manns í tveimur sóttvarnarhólfum eins og staðan er í dag. Umræða um streymi frá fundinum. Framkvæmdastjóri kannar málið.

5. Neyðarstyrkur Covid 19

Aðalstjórn hefur sent gögn á Reykjanesbæ vegna neyðarstyrks. Ekkert hefur heyrst um málið.

6. Önnur mál

A. Reglur um fjáraflanir.

B. Hrós til körfunnar að streyma leikjum yngri flokkanna.

C. Umræða um styrktarþjálfun og fræðslu um mataræði og svefn fyrir unglinga.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 4. mars 2021

Fundi slitið kl. 19:00

Fundinn ritaði Eva Björk